

Aðalfundur Upplýsingar  
17. maí 2013.

**Fundarstaður:** Borgarbókasafn Reykjavíkur, Grófarhúsi Tryggvagötu 15, 6. hæð

**Fundarstjóri:** Óskar Guðjónsson

**Fundarritari:** Sigurbjörg Björnsdóttir.

Mættir voru 24 einstaklingar

## Dagská

Formaður Upplýsingar Margrét Sigurgeirsdóttir setti fundinn kl. 16:15. Tilnefndi Óskar Guðjónsson sem fundarstjóra og var það samþykkt. Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður bauð fundargesti velkomna og sagði lauslega frá safninu og fól síðan, vegna brottfarar sinnar, Erlu Kristínu Jónasdóttur safnstjóra aðalsafns að ganga með gestum um safnið að fundi loknum.

## 1. Skýrsla stjórnar

- Margrét Sigurgeirsdóttir gerði grein fyrir skýrslunni og gat þess að innihald hennar myndi birtast á vef Upplýsingar mjög fljótlega. Fram kom að á árinu voru haldnir 12 stjórnarfundir og félagar í Upplýsingu eru um það bil 452 og þar af 52 stofnanir. Formaður þakkaði að lokum stjórninni og öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn við að gera félaginu kleift að halda uppi metnaðarfullu starfi.
- **Fyrirspurn:** Hrönn Hafþórsdóttur spurði hvort bókaverðir væru félagar í Upplýsingu og var svarið já.  
**Skýrsla stjórnar:** Samþykkt.

## 2. Skýrslur hópa og nefnda

- Engar umræður.

## 3. Reikningar félagsins

- Vegna fjarveru Sigrúnar Guðnadóttur, gjaldkera, gerði Sigríður Júlía Sighvatsdóttir grein fyrir reikningum. Fram kom að tekjur félagsins voru kr. 612.415,- umfram gjöld.  
**Reikningar félagsins:** Samþykktir.

## 4. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs

- Engin umræða.

## 5. Árgjald

- Stjórnin mælir með óbreyttu árgjaldi. Almennir félagar kr. 7.000,- stofnanir kr. 14.000,- nemendur í bókasafns- og upplýsingafræði kr. 3.500,-  
**Árgjald:** Samþykkt.

## 6. Lagabreytingar

- Engar tillögur bárust fyrir lögbundinn frest.

## 7. Kosning stjórnar og varamanna – kosning til tveggja ára í senn

- Óskar Guðjónsson gaf ekki kost á sér sem áframhaldandi meðstjórnandi. Uppstillinganefnd mælti með Rósu Bjarnadóttur í hans stað.
- **Núverandi stjórn skipa:**  
Margrét Sigurgeirsdóttir formaður  
Sara Stef. Hildardóttir varaformaður  
Sigrún Guðnadóttir ritari  
Rósa Bjarnadóttir meðstjórnandi  
Sigríður Júlía Sighvatsdóttir gjaldkeri
- **Varamenn í stjórn:**  
Uppstillinganefnd mælti með Hrafni Malmquist og Hrafnhildi Hreinsdóttur.
- **Skoðunarmenn reikninga:**  
Uppstillinganefnd mælti með Önnu Jónu Lýðsdóttur, Gunnhildi Björnsdóttur og Margréti Guðmundsdóttur.  
**Kosning stjórnar:** Samþykkt.

## 8. Fastanefndir Upplýsingar – kosning til tveggja ára í senn

- **Fagnefnd:** Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir frá fyrra ári.  
Uppstillinganefnd mælti með Sóleyju Sverrisdóttur og Óla Gneista Sóleyjarsyni.
- **Fræðslu- og skemmtinefnd:** Engar breytingar frá fyrra ári. Sjá heimasíðu Upplýsingar.
- **Útgáfunefnd Upplýsingar:** Engar breytingar frá fyrra ári. Sjá heimasíðu Upplýsingar
- **Uppstillinganefnd:** Uppstillinganefnd mælti með Grímu Eik Árnadóttur og Hrönn Hafþórsdóttur
- **Aðrar nefndir óbreyttar frá fyrra ári.** Sjá nánar á heimasíðu Upplýsingar.  
**Kosning fastanefnda:** Samþykkt.

## 9. Önnur mál

- Óskar Þór Þráinsson vefstjóri Upplýsingar sagði að unnið væri að því að endurbæta vefinn. Stefnt er að því að opna endurbættan vef nú í sumar. Óskar leitaði eftir ábendingum frá fundargestum.
- Erla Kristín Jónasdóttir minnti á IFLA þing í Singapore og spurði um þátttöku en undirtektir voru litlar.

Fundi slitið kl. 16:50

Eftir fundinn bauð Upplýsing fundarmönnum upp á léttar veitingar og safnkynning aðalsafns var í höndum Erlu Kristínar Jónasdótt.